Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 11. janúar 2023
2212127/033.03 JVK

Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa frá 08.12.2022

Á fundi bæjarráðs þann 08.12.2022 voru lagðar fram eftirfarandi fyrirspurnir frá bæjarfulltrúa Samfylkingar:

1) Hversu mörgum íbúðum hefur verið bætt inn í félagslega húsnæðiskerfið (nettó) frá 2015 eftir árum og hversu margar eru þær í dag.

Frá 1. janúar 2015 er búið að kaupa eða byggja 53 íbúðir og eru meðtaldar 4 leiguíbúðir fyrir fatlaða við Austurkór (ekki sambýlið sem kom 2014) og íbúakjarna með 7 íbúðum fyrir fatlaða við Fossvogsbrún. Inni í þessum tölum er heldur ekki áfangaheimilið Dalbrekku 27, en þar geta 8 búið. Einnig er búið að kaupa 4 almennar íbúðir sem verða afhentar á árinu 2023.
Á sama tíma er búið að selja 17 íbúðir, langflestar til íbúa sem áttu rétt á að kaupa samkvæmt reglum, en svo voru sex íbúðir endurseldar til Sunnuhlíðar á árinu 2022, en bærinn er með leigusamning um þær íbúðir og þær því hluti af útleigusafni bæjarins.
Bærinn hefur einnig gert samninga við Brynju, hússjóð Öryrkjabandalagsins um stofnframlög. Þessir samningar taka einnig til þess, að þessum íbúðum Brynju er úthlutað í samráði eða samvinnu með velferðarsviði Kópavogs, þannig að Kópavogsbúar á báðum listum hafa ákveðinn forgang. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði hefur verið úthlutað 17 íbúðum samkvæmt þessum samningi. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfissviði, þá er fjöldi íbúðareininga í eigu bæjarins 462 auk þeirra íbúða sem verða afhentar á árinu 2023 og áfangaheimilið Dalbrekku 27 ekki talið með.

2)Hver er fjöldi skráðra íbúða í fjölbýli í bæjarbæjarfélaginu í dag?

Samkvæmt mælaborði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eru núna (11.1.2023) um 11.000 fullbúnar íbúðir í fjölbýlishúsum í Kópavogi, þar af eru 1.380 í þeim stærðarflokki sem félagslega íbúðakerfi Kópavogsbæjar er að leita eftir.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármála- og hagsýslustjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

bsi. ISO 9001:2015 Quality Management